

Áherslur dómara nefndar 2014 – 2015

Áherslur dómara nefndar taka nú sem fyrr mið af þeim áherslupunktum sem FIBA hefur lagt fyrir. Auk þess sem dómara nefnd KKÍ leggur upp með áherslur sem byggja á staðbundinni reynslu okkar hér. Þessar áherslur eru einnig byggðar upp eftir samráðsfundi með dómurum og þjálfurum

Dómara nefnd leggur eins og áður allt kapp á að samskipti dómara og annarra þátttakanda leiksins, hvort sem það eru þjálfarar, leikmenn eða starfsmenn leiksins í heild, séu fagleg og einkennist af virðingu. Dómara nefnd leggur á það ríka áherslu að dómara hafi hagsmuni leiksins og fagmennsku ávallt í fyrirrúmi þegar um samskipti er að ræða

Dýfur (flopp) eru að verða vandamál leiksins. Dómara nefnd leggur áherslu á að taka hart á floppi. Skal vafi metinn sóknarmanni í hag í þeim efnum og dæmt tæknivilla en eftir atvikum gefin ein aðvörðun sem gildir um lið þess leikmanns sem um ræðir

Þetta keppnistímabilið eru nokkrar reglubreytingar og hvetur nefndin þjálfara og forráðamenn félaganna til þess að kynna sér þær í þaula svo vel megi takast að koma þeim í gagnið. Þar fara hagsmunir allra vel saman

Einnig er mjög mikilvægt að starfsmenn ritaraborðs séu ítarlega upplýstir og hæfir svo ekki þurfi að koma til þess að stöðva leik ítrekað

Dómara nefnd minnir á grein 7.5 í reglum leiksins en þar segir; Á svæði varamanna (team-bench area) er öðrum en aðalþjálfara óheimilt að ávarpa eða kalla til dómara.

Við mat á snertingum leikmanna skal sem fyrr meta það hver ber ábyrgð á snertingunni. Í því samhengi hnykkjum við á því að varnarmaður sem er innan síns sívalnings er ekki gerð refsing ef það er mat dómara að sóknarmaður sé að mestu ábyrgur fyrir snertingunni.

Leikmenn hvers liðs skulu vera í einslitum sokkum.

Dómara nefnd KKÍ 8. október 2014

Rúnar Birgir Gíslason